



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**597. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 3. febrúar 2025  
og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Þorsteinsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins - sóknaráætlun 2023 - 2303007**

Formleg opnun útivistarvefsins utumallt.is en um er að ræða eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2020-2024. Starfsfólk Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og svæðisskipulagsstjóri kynna vefinn og helstu notkunarmöguleika hans.

Fyrirliggjandi er minnisblað lögfræðings SSH dags. 29. janúar 2025 um verkefnið og drög að samningi við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um að stofan taki að sér umsjón og þróun vefsins en lokavinnsla hans og þróun mun standa yfir næstu mánuði.

**Gestir**

Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Margrét Wendt verkefnastjóri hjá Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

**Niðurstaða:**

*Drög að fyrirliggjandi samningi eru samþykkt og er framkvæmdastjóra falin undirritun hans. Vefurinn verður kynntur opinberlega á næstu dögum.*

**2. Börn innflytjenda í skólum á höfuðborgarsvæðinu-Sóknaráætlun 2024 - 2404003**

Verkefnið sem felur m.a. í sér að greina fjölda og stöðu barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn í skólakerfinu á höfuðborgarsvæðinu og greina umfang þjónustu er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar. Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri kynnir framgang og stöðu verkefnisins og næstu skref þess.

**Gestir**

Hrönn Pétursdóttir ráðgjafi

**Niðurstaða:**



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

*Ákveðið er að vinna verkefnið áfram m.a. með því að ná betur um upplýsingaöflun frá sveitarfélögunum. Gert er ráð fyrir því að verkefnastjóri fundi með skólamálanefnd á næsta fundi nefndarinnar og nái betur utan um gagnaöflun og næstu skref. Verkefninu verði lokið fyrir lok júní 2025.*

### 3. UNNDÍS - verkefni Vinnumálastofnunar - 2501005

Fyrirliggjandi er erindi Vinnumálastofnunar þar sem fram kemur beiðni um að kynna á vettvangi SSH tiltekin verkefni stofnunarinnar sem ætlað er að styðja við breytingar á örorkulífeyriskerfi hvað varðar atvinnupátttöku.

#### Niðurstaða:

*Verkefnið verði kynnt stjórnendum á vettvangi SSH og er skrifstofu falinn nánari undirbúningur þess.*

### 4. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 9. október 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 13. nóvember 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 11. desember 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 8. janúar 2025.

Vakin er athygli á dagskrárlið 1 í fundargerð hópsins frá 8. janúar 2025 en óskað er umfjöllunar stjórnar SSH um málið.

#### Niðurstaða:

*Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra er falið að fara yfir ferli málsins og hugsanlegar leiðir með samráðshópi á sviði velferðarmála.*

### 5. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 133. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn var 17. janúar 2025.

#### Niðurstaða:

*Lagt fram til kynningar*

Einar Þorsteinsson formaður stjórnar tók sæti á fundinum og tók við stjórn hans.

### 6. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Framhald frá umræðum 595. fundar. Drög að Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029 voru sett í opið samráðsferli á Samráðsgátt stjórnvalda hinn 21. janúar 2025 og rann umsagnarfrestur vegna hennar út 30. janúar. Kjörnum fulltrúum og hagaðilum í samráðsvettvangi vegna sóknaráætlunar, en um er að ræða opinberar stofnanir og fyrirtæki, ýmiss konar hagsmunasamtök og fulltrúa atvinnulífsins, var sendur sérstakur tölvupóstur þar



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

sem vakin var athygli á framangreindu. Sex umsagnir bárust á samráðsgátt og eru þær fyrirbyggjandi ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra um efni þeirra.

Fyrirliggjandi eru drög að sóknaráætlun 2025-2029 og á fundinum er lagt fram skjal yfir áhersluverkefni næstu ára ásamt tillögum að forgangsroðun þeirra. Lagt er til að áætlunin verði samþykkt og stjórn komi sér saman um forgangsverkefni ársins 2025.

Samráðsvettvangurinn verði kallaður saman á haustmánuðum 2025 til þess að ræða áhersluverkefni ársins 2026 og verði þá hægt að bregðast við hluta þeirra ábendinga sem fram hafa komið í samráðsferli vegna sóknaráætlunar.

### Niðurstaða:

*Samráðsvettvangur sóknaráætlunar verður kallaður saman á haustmánuðum til þess að fjalla um sóknaráætlunina og áhersluverkefni ársins 2026. Verði fulltrúum ungmennaráða og Öryrkjabandalaginu boðið að taka þátt í vinnu samráðsvettvangsins.*

*Þá er skrifstofu SSH falið að svara innkomnum ábendingum um sóknaráætluna sbr. minnisblað framkvæmdastjóra.*

*Gert er ráð fyrir því að sóknaráætlunin verði tekin til endanlegrar umræðu og afgreiðslu á næsta fundi stjórnar. Er framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að forgangsroðun verkefna til samræmis við umræður fundarins og leggja fyrir næsta fund stjórnar.*

## 7. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Áframhaldandi umræður frá 596. fundi stjórnar. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins. Fyrirliggjandi eru drög að hluthafasamkomulagi og stofnsamþykktum hins nýja félags.

Lagt er til að stjórn fái viku til rýni og athugasemda ofangreindra skjala. Að því loknu verði stofnskjöl félagsins send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu. Samhliða verður fjárhagsáætlun hins nýja félags rýnd og endanleg tímaáætlun mótuð.

Þá fer framkvæmdastjóri yfir þau verkefni sem nú eru í gangi á vettvangi stýrihópsins. M.a. er brynt að móta tillögur er varða Strætó bs og tengjast framtíðarstarfssemi byggðasamlagsins.

### Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

### Niðurstaða:

*Lagt fram til kynningar. Umræður. Drög að hluthafasamkomulagi og stofnsamþykktum verða send stjórnarfólki til frekari rýni. Framkvæmdastjóra er falið að koma með tillögur að verklagi við mótun á framtíðarstarfssemi Strætó b.s.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026